

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 10. nóv. 2017

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Björk Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Aðalheiður Steingrimsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í Háskólanum á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 11:09. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

a) Breytingar á stjórn

Skipunartíma sitjandi stjórnar er lokið og hefur formaður stjórnar óskað eftir því innan ráðuneytisins að ný stjórn verði skipuð.

b) Staða mála og framtíð sjóðsins

Stjórnin hefur rætt um það á fundum sínum að það þurfi að skerpa aðeins á úthlutunarreglum þ.e sem snýr að hvað sjóðurinn styrkir og að setja fram betri leiðbeiningar til umsækjenda um það hvað þarf að koma fram í umsókninni. Jafnframt telur stjórn að það þurfi að koma betur á framfæri þeim verkefnum sem hljóta styrk úr Sprotasjóði. Sigurjón leggur til að þessi stjórn fari ekki í það að breyta ferlum sjóðsins heldur sé það eitthvað sem ný stjórn þurfi að skoða. Rætt var um að stjórnin myndi taka saman upplýsingar um stöðu mála, setja niður punkta um það sem gengið hefur vel og hvað megi betur fara. Þessi samantekt myndi fara inn í ársskýrslu sjóðsins sem verður gerð í lok árs 2017. Það væri þá eitthvað sem ný stjórn gæti haft til hliðsjónar í sinni vinnu.

Aðalheiður segir mikilvægt, líkt og KÍ hefur verið að benda á með samantektum inn á vef sínum, að fjárveitingar til Sprotasjóðs þurfi að haldast í hendur við verðlag ár hvert.

Aðalheiður kom einnig inn á að það þurfi að hafa meiri sveigjanleika í því hversu langan tíma skólar hafa til að vinna verkefni sem sótt er um til sjóðsins, oft sé ár ekki nægilega langur tími fyrir þróunarverkefni. Einnig þarf að gera einhverskonar úttekt á sprotasjóðsverkefnum og meta hverju þau eru raunverulega að skila inn í skólastarfið. Þyrfti að setja upp einhverskonar mælitæki til að meta verkefni. Í því samhengi þyrfti að vera skýrt hvað meta ætti í slíkri úttekt.

Þó nokkuð var rætt um upplýsingamiðlun frá sjóðnum en Björk talaði um að e.t.v væri áhugavert að hafa fréttasíðu inn á vef Sprotasjóðs og að skólarnir myndu skila inn stuttri frétt með lokaskýrslunni sem væri hægt að birta þar. Einnig væri áhugavert að skoða hvort að Sprotasjóður ætti að setja upp Facebooksíðu.

Aðalheiður minnti á að verið væri að nýta Skólavörðuna, veftímarit KÍ, í auknu mæli til að miðla upplýsingum á skemmtilegan hátt t.d með viðtölum og myndböndum.

Svandís kom inn á að það þyrfti að taka saman myndrænt yfirlit um aðsókn að sjóðnum eftir skólastigum og landshlutum.

Rætt var um mikilvægi þess að skerpa enn frekar á því hvað sjóðurinn styrkir og hafa það skýrt inn í umsóknarforminu undir liðnum kostnaðaráætlun. Umsýsluaðila var falið að skoða þetta og senda stjórn tillögu að orðalagi áður en leiðbeiningar fara inn í umsóknarformið.

Ákveðið var að stjórnin myndi skipta með sér að skrifa lokakafla sem færi inn í ársskýrslu Sprotasjóðs.

c) Önnur mál

Sigurjón ræddi beiðni sem barst til Sprotasjóðs frá skóla einum um að fá frest til að vinna verkefni til eins árs. Formaður hafði rætt við skólastjóra viðkomandi skóla og var þetta rætt stuttlega og leyfi veitt.

Fundi var slitið kl. 11:43